



## Athuganir á Vatnajökli í vorferð JÖRFÍ 1980

Kristinn Einarsson

Greinargerð KE-80/03

Athuganir á Vatnajökli í vorferð JÖRFÍ 1980

Undirritaður tók þátt í 16 manna vorferð Jöklarannsóknafélags Íslands 1980 á vegum Orkustofnunar. Farið var frá Reykjavík 14. júní og upp á jökul á tveimur snjóbílum, Jöklí I frá JÖRFÍ og Jaka frá Landsvirkjun, þá um kvöldið. Komið var af jöklí að morgni 20. júní og héldu flestir til Reykjavíkur sama dag.

Boraðar voru átta holur með vélknúnum kjarnabor Raunví sindastofnunar undir stjórn Magnúsar Más Magnússonar (sjá meðfylgjandi mynd). Borkrónan er álrör 9 sm Ø að innanmáli, um 1 m á lengd, stáltennt í endann og með snigilkanti utan á til skýringar. Hægt er að bora ca. 50 sm í einu og taka kjarnann út um rauf á efri hluta krónunnar. Borstangir eru álrör ca. 3/4" Ø og um 1 m á lengd. Tengi eru skrúfuð og úr kopar. Sem stendur eru til stangir til að bora niður á 10-11 m dýpi. Vélbúnaður er 800 W Bosch-rafmagnsborvél og bensíknúin 1 KW rafstöð.

Kjarninn var tekinn í 10-30 sm langa búta og skorinn í súlur um 2 sm á kant, sem settar voru í plastkrúsir. Öðru hvoru voru bútarnir vegrir og mældir til vatnsgildisútreikninga.

Fundin verða lagskipti í kjarnanum út frá rykmagni með laserprófun á sýnum á Raunví sindastofnun og að því búnu reiknuð ársúrkoma út frá vatnsgildisferli.

Best er að 5-6 manns vinni saman að borun og frágangi á sýnum, en mögulegt fyrir minnst two. Holurnar voru boraðar sem hér segir:

H-I: Vestan til í Háubungu í um 1640 m y.s. nálægt mörkum vatnasviða Skaftár- og Síðujökuls. Staðsett með áttavitamiðun á Þórðarhryrnu, Kerlingar og Hamarinn. Dýpi 6,20 m. Vatnsgildi á tveimur stöðum. Dagsetn. 15/6 kl. 07:30.

H-II: Á línu milli Grímsfjalls og Goðahnúka, um 10 km frá Grímsfjalli í um 1580 m y.s., ofan til á vatnasviði Skeiðarárjökuls. Dýpi 5,55 m. Ekkert vatnsgildi. Dagsetn. 16/6 um kl. 15:30.

1980-07-04

H-III: Á sömu línu, um 25 km frá Grímsfjalli í um 1590 m y.s., efst á vestanverðu vatnasviði Brúarjökuls. Dýpi 5,60 m. Vatnsgildi á Fjórum stöðum. Dagsetn 16/6 kl. 19:00.

H-IV: Á sömu línu, um 40 km frá Grímsfjalli í um 1390 m y.s., vestan til í Norðlingalægð á vatnasviði Brúarjökuls. Dýpi 5,85 m. Vatnsgildi á fimm stöðum. Dagsetn. 16/6 kl. 22:30.

H-V: Á sömu línu, um 55 km frá Grímsfjalli í um 1370 m y.s. norðvestan til í Breiðubungu á vatnasviði Brúarjökuls. Dýpi 7,25 m. Vatnsgildi á sex stöðum. Dagsetn. 17/6 kl. 02:45.

H-VI: Á sömu línu, um 70 km frá Grímsfjalli í um 1320 m y.s., norðaustan til í Breiðubungu efst á vatnasviði Hoffellsjökuls. Dýpi 7,85 m. Vatnsgildi á sex stöðum. Dagsetn. 17/6 kl. 06:45.

H-VII: Á sömu línu, um 82 km frá Grímsfjalli í um 1290 m y.s., rétt vestan Goðahnúka efst á vatnasviði Hoffellsjökuls. Dýpi 6,00 m. Vatnsgildi á þremur stöðum. Dagsetn. 17/6 kl. 10:00.

H-VIII: í Grímsvötnum, miðja vegu milli Depils og Griðarhorns. Dýpi 7,15 m. Vatnsgildi á 10 stöðum. Dagsetn. 18/6 kl. 16:10.

Undirritaður mældi vatnshæð í Grímsvötnum með vasahallamæli (libellumæli) og stiku. Hæðarmunur með þeirri aðferð milli vatnsborðs við Vatnshamar og hæðarpunkts í Depli (yfirborð) var 19,65 m, nákvæmni áætlast um  $\pm 0,5$  m. Hæðarpunkturinn er í 1449 m y.s. Samkvæmt því var vatnshæð í Grímsvötnum 18. júní 1429 til 1430 m y.s.

Mælt var snið af Magnúsi Má Magnússyni með nákvæmnisloftvog frá Landmælingum Íslands þvert yfir Grímsvötn frá Griðarhorni í Depil og í tvígang milli vatnsborðs við Vatnshamar og hæðarpunkts í Depli. Viðmiðun um breytileika loftþrýstings var síritandi loftvog í skála JÖRFÍ á Grímsfjalli.

1980-07-04

---

Á mestum hluta leiðarinnar milli Grímsfjalls og Goðahnúka voru 50-80 sm djúpar lautir bræddar í yfirborð jöklusins fyrir áhrif sandfoks og náðu þær oft og tíðum yfir ca. 50% yfirborðsins.

Komið var við í Pálsfjalli á bakaleið og enn fremur var ekið að einni mælistiku Raunví sindastofnunar og Landsvirkjunar á Tungnaárjökli og hún boruð dýpra niður.

Að lokum skal öllum ferðafélögum þökkuð ógleymanleg ferð.

Kristinn Einarsson

Júní 1980 KE / Gyða Vatnajök. F-19740

Vorferð JÖRFÍ 1980  
Staðsetning ísborhola I-VIII

0 20 40 60 km

30°

64°

30°

14°

16°

18°

VATNAJÖKULL

Grims-  
vötn

VII  
VI  
V  
IV  
III  
II  
I

VII  
VI  
V  
IV  
III  
II  
I